

Ed.

457. Nefndarálit

[113. mál]

um frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Á fundum nefndarinnar kom ekki fram neitt það er sýndi fram á hagkvæmni þess að auka umfang gildandi samnings við fyrirtæki þetta, né heldur leiddu viðræður við sérfræðinga eða könnun gagna í ljós að réttlætanlegt væri að heimila hinum erlenda auðhring að auka umsvif sín hér á landi.

Samningur sá við Alusuisse, sem hér er ráðgert að auka við, hefur sætt mjög harðri gagnrýni frá upphafi og þá einkum fyrir eftirtalda ágalla:

1. Ákvæði um það að fyrirtæki Alusuisse skuli ekki lúta í öllu íslenskum lögum.
2. Raforkuverðið, sem samið var um fram til ársins 1997 án endurskoðunarákvæða, er langt undir markaðsverði og einnig undir framleiðsluverði.
3. Heimilað var að reisa verksmiðjuna án nauðsynlegra hreinsitækja og án tillits til mengunar umhverfis og sjálfsagðra hollustuhátta.

Er fyrrverandi iðnaðarráðherra ræddi við forstöðumenn Alusuisse um stækkun þá á verksmiðjunni sem hér um ræðir, var það ásetningur hans að hið erlenda fyrirtæki fengi alls ekki heimild til stækkunar nema því aðeins að samtímis fengjust verulegar breytingar á samningi þessum okkur til hagsbóta og þá fyrst og fremst hvað raforkuverðið áhræði. Reyndin varð sú, að hinn erlendi auðhringur fékkst ekki til þess að samþykkja neina hækkun á verði því er hann greiðir fyrir raforkuna.

Við athugun á samningi þeim, sem hér er ráðgerður, kemur í ljós að Swiss Aluminium er ætlað að halda nær óbreyttum kjörum um kaup á rafmagni, með þeim hætti að lítilfjörleg hækkun á verðinu mun hverfa vegna annarra breytinga á samningnum í þágu hins erlenda viðsemjanda.

Athyglisvert er að norðmenn hafa fyrir skemmstu ákveðið nýtt raforkuverð til stóriðju hjá sér, og nemur það um einni krónu og áttatíu aurum á kwst. og kveðið á um það að verðið skuli endurskoðast árlega. Verðum við því bundnir Swiss Aluminium í rúm 20 ár með raforkuverð, sem í svip nemur um það bil einum fjórða af því, sem norðmenn telja nú lágmarksverð raforku til stóriðju, og líkur benda til að það hlutfall breytist mjög ört okkur í óhag með hækkun heimsmarkaðsverði á orku. Sem dæmi um viðskiptakjör þau, sem ÍSAL, fyrirtæki Swiss Aluminium nýtur nú, skal þess getið að s. l. ár keypti ÍSAL 57% af orkuframleiðslu Landsvirkjunar, en borgaði einungis 28.4% af heildarverði framleiðslunnar. Hefði þessi viðbótarsamningur verið kominn í gildi, hefði ÍSAL fengið 60.8% af heildarframleiðslunni fyrir upphæð sem næmi 32.1% af heildarsöluverðinu.

Með þessum viðbótarsamningi yrði einungis ítrekuð sú skyssa, sem upprunalega var gerð með frumsamningnum við svissneska auðhringinn, og jafnframt kórónuð afglöpín, sem framin voru með stofnun járnblendifélagsins í samvinnu við ameríska auðhringinn Union Carbide, svo sem dæmin sanna með jarðraskinu á Grundartanga, því óhæfilegt er að verja íslenskri raforku til annars en aukinna nytja á gæðum landsins sjálfs og í þágu íslendinga einna.

Alþingi, 25. mars 1976.

Stefán Jónsson.